

Reykjavík, 22. júlí 2024

Umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997 (takmörk á beitingu nauðungar)

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) þakka fyrir tækifærið til að veita þessu máli umsögn. SFV tekur undir markmið laganna og þakkar ráðuneytinu fyrir vinnuna í málinu og samvinnu á fyrri stigum þess við alla helstu haghafa sem málinu tengjast. Að mati SFV er vinnulag ráðuneytisins í málinu og stuðningur þess við heimilisfólk og starfsemi hjúkrunarheimila til mikillar fyrirmyndar.

Við hjá SFV tökum vel í málið en leggjum til að skerpt verði á nokkrum lykilatriðum.

Athugasemdir SFV við áform um lagasetningu

4. gr. Nýr kafli um beitingu nauðungar á heilbrigðisstofnunum

Með frumvarpinu er lagt til að við lögin bætist nýr kafli (VI. A, Beiting nauðungar á heilbrigðisstofnunum). Þar kemur fram að undir nauðung falli ekki „öryggisráðstafanir sem beitt er á hjúkrunar- eða dvalarheimilum og í sérstökum hjúkrunarrýmum sjúkrahúsa og er ætlað að tryggja öryggi og vellíðan sjúklings“. Að mati SFV er þetta sérstaklega mikilvægt, vegna þess að tilgangurinn með slíkum ráðstöfunum er einmitt að tryggja öryggi og heilsu heimilisfólks á hjúkrunarheimilum.

Í framhaldi af ofangreindu orðalagi kemur svo fram að slíkar öryggisráðstafanir „geta falist í notkun öryggishjálpartækja, svo sem fallvörnum þegar yfirvonandi hættu er á að einstaklingur geti annars orðið fyrir verulegu líkamsstjóni og aðstæður gera slíkan búnað nauðsynlegan“. Að mati SFV er þessi heimild hjúkrunarheimila til aðgerða til að vernda heilsu og öryggi heimilisfólks með þessu settar of þröngar skorður. Þröng túlkun á ofangreindu orðalagi getur gefið til kynna að einungis megi nota „öryggishjálpartæki“ í slíkum aðstæðum og ekki er öruggt að nauðsynlegar aðgerðir falli undir það. T.d. gæti verið mögulegt að beita minna íþyngjandi aðgerðum fyrir einstaklinginn sem fela ekki í sér notkun „öryggishjálpartækis“.

Við óskum eftir og leggjum til að annaðhvort verði þetta orðalag lagfært, t.d. með því að tala frekar um „öryggisráðstafanir“ eða að nefndin fjalli um þetta í nefndaráliti sínu. Þannig gæti nefndin t.d. útskýrt að orðalag þetta útiloki ekki að hjúkrunarheimili geti farið í aðrar aðgerðir til að vernda öryggi og heilsu heimilisfólks.

Reglugerð um beitingu nauðungar

Fram kemur í 4. gr. j (27. gr. k.) að ráðherra skuli „setja reglugerð um nánari framkvæmd öryggisráðstafana á hjúkrunarheimilum og í hjúkrunarrýmum skv. 2. mgr. 27. gr. b.“. Að mati SFV er þetta mikilvægt og óska samtökin eftir því að sú góða samvinna sem hefur verið á milli ráðuneytisins og helstu haghafa í málinu haldi áfram við gerð slíkrar reglugerðar.

Að síðustu þá þakka SFV fyrir tækifærið til að veita málinu umsögn og óska virðingarfyllst eftir tækifæri til að funda með Velferðarnefnd um málið.

F.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu
Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri